

Þriðjudaginn 13. september 1994.

Nr. 389/1994.

Ákærvaldið

gegn

Sigurði Hólm Sigurðssyni

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 9. september 1994, sem barst réttinum 12. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Til þrautavara krefst hann þess, að í stað gæsluvarðhalds verði hann vistaður á sjúkrahúsi. Loks krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. september 1994.

Ákærvaldið hefur krafist þess, að Sigurði Hólm Sigurðssyni með lögheimili að Yrsufelli 15, Reykjavík, kt. 010563-2839, verði gert með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að sæta áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli hans í Hæstarétti, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 1. febrúar 1995 kl. 16.00.

Fyrr í dag var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur dómur í málinu S-570/1994: Ákærvaldið gegn Grétari Magnússyni og Sigurði Hólm Sigurðssyni. Með dómi þessum var Sigurður Hólm Sigurðsson dæmdur til tveggja ára fangelsisvistar, og skyldi 45 daga gæsluvarðhaldsvist hans dragast frá refsingunni. Dómfelldi áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar Íslands við

dómsuppkvaðningu. Samkvæmt 1. málslíð 106. gr. laga nr. 19/1991 lýkur gæsluvarðhaldi, þegar dómur hefur verið kveðinn upp í máli.

Dómfelldi hefur hlotið tveggja ára fangelsisdóm. Með hliðsjón af fram lögðum gögnum og sakaferli dómfellda þykir rétt að fallast á kröfu ákærvaldsins með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, og skal dómfelldi sæta gæsluvarðhaldi, á meðan mál hans er til meðferðar fyrir æðra dómi, en þó eigi lengur en til kl. 16.00 miðvikudaginn 1. febrúar 1995.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómfelldi, Sigurður Hólm Sigurðsson, kt. 010563-2839, sæti gæsluvarðhaldi, á meðan mál hans er til meðferðar fyrir æðra dómi, en þó eigi lengur en til kl. 16.00 miðvikudaginn 1. febrúar 1995.